

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um borgun þinggjalds.* — Um leið og þjer, herra amtmaður í brjefi frá 5. júní þ. á., sögðuð mjer álit yðar um erindi sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði leyft að taka upp í þinggjöld innskriftir hjá áreiðanlegum kaupmönnum, þó þeir vilji ekki undirgangast að gefa út ávisun fyrir innskriftirnar fyr en að lokinni haustkaupþíð, senduð þjer mjer nokkrar «athugasemdir», er sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hafði fundið ástæðu til að gjöra við brjef mitt frá 21. jan. þ. á. (stjórnartíð. B. 5.), og 5. gr. laga um ábúðar- og lausafjárskatt 14. desbr. 1877.

138
20. sept.

Fyrir því vil jeg biðja yður, herra amtmaður, að tjá nefndum embættismönnum þetta: Enginn vafi getur verið um, að sýslumenn eru skyldir til að svara ábúðar- og lausafjárskatti eins og öðrum gjöldum landssjóðsins í peningum, þó gjöld þessi verði greidd þeim í landaurum; en hins vegar eru þeir, eins og tekið er fram í brjefi mínu frá 12. apríl þ. á. (stjórnartíð B. 52) ekki skyldir að taka landaurana með því verði, sem sett er á þá í verðlagsskrá ár hvert, sje verð það herra en það, sem landaurarnir verða seldir fyrir á gjaldþega í sveit þeirri, er viðkomandi manntalsþing er átt í, og verður allur hallinn, sem leiðir af því, að landaurarnir komist ekki í það gangverð, sem þeir gætu náð, ef salan færi fram á hentugra tíma og hentugra stað að lenda á gjaldþegni þeim, sem kys heldur að greiða sýslumanni landaurana en að koma þeim sjálfur í peninga.

Hvað innskriftir snertir, þá getur ekki það atriði, að hlutaðeigandi gjaldþegn kys heldur að borga á þenna hátt, en að láta peninga eða landaura, heimilað honum borgunarfrest, og með því að gjöld þau, er hjer ræðir um, eiga að greiðast á manntalsþingum, en þing þessi venjulega eru haldin í maí og júnímánuðum, virðist ekki geta komið til tals að taka sem gilda borgun innskrift, nema því að eins að ávisun geti fengizt fyrir hana í sumarkauptíðarlok.

Að öðru leyti finn jeg ástæðu til aptur að taka fram, að ráðstöfun skuli gjörð sem fyrst eptir manntalsþing til að taka lögtaki öll þau gjöld, sem ekki eru borguð á þingunum.

— *Brjef landshöfðingja til yfirskattanefndarinnar í Húnavatnssýslu um eptirlit með skattanefndum.* — Í brjefi frá 5. maí þ. á. hefir hin heiðraða yfirskattanefnd spurt, hvort hún hafi heimild til, að heimta af skattanefndum þeim, er undir henni eru skipaðar ítarlegar skýrslur um, hvernig upphæðir þær, er tekjuskatt skal greiða af, hafi verið taldar, og hvort yfirskattanefndinni beri samkvæmt slíkum skýrslum, að leiðrjetta upphæðir þær, er skattanefndin hefir tilfært, þótt enginn gjaldþegn hafi kvartað yfir þeim.

139
20. sept.

Fyrir því vil jeg um leið og jeg vísa til brjefa minna frá 3. febr. þ. á. til sýslumannsins í Dalasýslu (stjórnartíð. B. 22.) og frá 20. marz s. á. til yfirskattanefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (stjórnartíð. B. 50.) tjá yfirskattanefndinni, að báðum þessum spurningum beri að svara með jái.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til að læra leirkerasmíði.* — Eptir að hafa meðtekið álit ámtsráðs vesturumdæmisins í brjefi yðar, herra amtmaður, frá 17. þ. m. viðvíkjandi

140
22. sept.

140 beidni Benedikts Oddssonar í Gjarðey um styrk til þess að læra leirkerasmíði á Jótlandi
22. sept. eða í Noregi og síðan útvega sjer hin nauðsynlegu áhöld til þess, að byrja hjer á landi reglulegan atvinnuveg sem leirkerasmíður, vil jeg biðja yður að tjá beiðandanum, að það er hvorttveggja, að sem stendur er ekkert óeytt af fje því, sem veitt er til verklegra framfara á tímabilinu 1878—79, enda gæti varla komið til tals, að veita fje úr landssjóði til slíks fyrirtækis, nema því að eins, að hlutaðeigandi amtsráð vildi leggja fram fje til móts við styrkinn úr landssjóði; því geti fyrirtæki þetta haft nokkra þýðingu fyrir almenning, mun hjerað það og landsfjórðungur sá, er hlutaðeigandi er búsettur í, fyrst og fremst hafa gagn af því.

141 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*
23. sept. laun hjer aðslæknis. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 3. maí þ. á. hefi meðtekið bónarbrjef frá hjeraðslækninum í 6. læknishjeraði, Þorvaldi Jónssyni, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði frá 1. janúar þ. á. veitt hálf laun, sem settum hjeraðslækni í 5. læknishjeraði, vil jeg, jafnframt því að benda á brjef ráðgjafans frá 5. júlí þ. á. (stjórnartíð. B. 106.) tjá yður það, sem nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Með því að hið 5. læknishjerað hefir að undanförunu verið hluti af hinu nyrðra læknishjeraði vesturumdæmisins, þar sem beiðandinn er skipaður læknir með veitingarbrjefi frá 6. febrúar 1865, og með því að lög um breytingu á læknishjeruðunum frá 15. oktbr. 1875 í 3. grein ákveða, «að eldri læknahjeraða skiptingin skuli haldast, þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti», og með því að sú bráðabirgðaráðstöfun¹, er kom því til leiðar, að þessu læknishjeraði var gegnt af öðrum á tímabilinu frá 1870—1878, ekki hefir gjört neina fullnaðarbreytingu á læknishjeraðaskipuninni, að því er lýtur að þeim hluta Barðastrandarsýslu, sem lagður er til 5. læknishjeraðsins, því að lögin frá 15. oktbr. 1875 3. gr. ákveða, eins og áður er getið, með berum orðum, að hin eldri læknishjeraðaskipan skuli haldast, þangað til búið sje að skipa hjeraðslækna smámsaman í hin nýju læknishjeruð, sem stofnuð eru með þessum lögum — getur beiðandinn ekki átt lagaheimting á aukaborgun, þótt hann hafi verið settur fyrst um sinn frá 1. janúar þ. á. til að gegna hjeraðslæknisstörfum í þeim hluta af hinu upprunalega læknishjeraði hans, sem með lögum frá 15. oktbr. 1875 er lagt til 5. læknishjeraðs, en sem verður í raun og veru fyrst þá stofnað sem nýtt læknishjerað, þegar hjeraðslæknir verður skipaður í það fyrir fullt og allt.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 20. dag septbrm. tók ráðgjafinn fyrir Ísland samkvæmt beiðni Jóns A. Sveinssonar aptur löggildingu þá, er honum hafði verið veitt 14. ágúst f. á. til að vera settur kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, þannig að hann skyldi telja lausan við embættið frá 15. s. m.; og s. d. var frá sama degi cand. philol. Sigurður Sigurðsson settur í þetta embætti með 2000 kr. árslanum og með skuldbindingu til, ef þess er krafizt, að gegna umsjónarmennskunni við tjeðan skóla án sjerstaks endurgjalds.

1) Sjá brjef dómsmálastjórnarinnar 12. oktbr. 1870 í tíðindum um stjórnarm. III bls. 103.